



Velkomin í íslenskt skólakerfi!

Við sem vinnum í skólanum viljum gjarnan kynnst þér. Þú munt eiga nokkur viðtöl við okkur þar sem þú færð að segja frá sjálfri/sjálfum þér, hvað þú getur og hverju þú hefur áhuga á. Í öllum viðtölunum verður einhver sem talar þitt tungumál og hjálpar okkur að skilja hvort annað. Hvert viðtal tekur rúman klukkutíma. Þú munt þurfa að svara spurningum og gera nokkur verkefni en þetta er ekki próf og þú þarft ekki að undirbúa þig fyrir viðtölin.

Í fyrsta viðtali máttu gjarnan hafa mömmu þína eða pabba eða einhvern annan fullorðinn með þér. Við munum spyrja þig hvaða tungumál þú talar, um skólagöngu þína og áhugamál. Kennarinn mun einnig segja þér frá nýja skólanum þínum og hvernig það er að ganga í skóla á Íslandi.

Hin viðtölin munu snúast um lestur, skrift og talnaskilning og hvernig þú hugsar þegar þú leysir verkefni.

Eftir viðtölin munum við kennararnir undirbúa kennsluna sem þú færð í skólanum. Skólastjórinn mun ákveða í hvaða nemendahóp þú ferð.